

## Þvi dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Emil Strand kaupmaður greiði stefnda cand. phil. Sigurði Jónssyni fyrir hönd Konows & Co. í Bergen í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. dag. nóvembermánaðar.

No. 33/1907:

Kolbeinn Árnason og  
Ásgeir Pétursson  
gegn  
Ásgeiri Sigurðssyni.

## Dómur:

Félagskaupmennirnir Kolbeinn Árnason og Ásgeir Pétursson á Akureyri höfðuðu mál þetta fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn stefnda Ásgeiri kaupmanni Sigurðssyni í Reykjavík til greiðslu á eftirstöðvum að upphæð 785 kr. 02 aur., er þeir töldu sig eiga hjá honum af borgun fyrir verkaðan saltfisk, er þeir útveguðu honum árið 1902, en málið var dæmt í nefndum rétti 29. nóvbr. f. á. með þeim úrslitum, að stefndi skyldi að eins greiða þeim af kröfu þeirra 53 kr. 31 eyri með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og skyldi málskostnaður niður falla.

Dómi þessum hafa áfrýjendurnir skotið til yfirdómsins með stefnu útgefni 17. ág. þ. á., og hafa þeir

krafist þess, að dómurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim umstefndar 785 kr. 02 aur. með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi 21. apríl 1904 til borgunardags og málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir eigi mætt eða látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt honum sé löglega þangað stefnt, og verður því að dæma málið eftir skjölum þeim og gögnum, sem fram eru komin frá áfrýjanda hálfu, sbr. N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2. gr.

Árin 1900 og 1901 höfðu áfrýjendurnir í umboði fyrir stefnda að kaupa handa honum verkaðan saltfisk, þorsk, smáfisk og ýsu, frá ýmsum stöðum við Eyjafjörð og þar í grend (Hrísey, Dalvík og Ólafsfirði) og var fiskurinn síðan sendur stefnda beina leið frá fisktöku-stöðunum, eða þaðan fyrst til Akureyrar og síðan frá Akureyri til stefnda. Varð enginn ágreiningur milli málsaðila um viðskiftin þessi tvo ár og fengu áfrýjendurnir greitt fé það, er þeir reiknuðu sér fyrir fiskkaupin og að auki umboðslaun 1 kr. 25 au. fyrir hvert skpd., er þeir sendu stefnda. 1902 héldu viðskiftin áfram með sama hætti og fyr, en stefnda þótti þá fiskur sá, er hann fekk frá áfrýjendunum, miklu lakari en hann bjóst við og áður hafði verið, og taldi hann einnig minni að vöxtum en áfrýjendurnir reiknuðu honum hann, og vildi því eigi greiða það, er áfrýjendurnir töldu sig eiga að reikningslokum hjá honum, en það voru 785 kr. 02 aur.; taldi hann sig skulda þeim að eins 17 kr. 36 aura, sem hann hefir tjáðst vera reiðubúinn til að greiða þeim hvenær sem vera skyldi.

Upphæð sú, sem ágreiningurinn í máli þessu er um,

er þannig 767 kr. 66 aur., en mismunur þessi er svo tilkominn, að stefndi telur fiskinn, er hann fekk frá áfrýjendum, hafa verið 8 skpd. og 1 pd. léttari eða minni að vöxtum en áfrýjendur reikna hann, að talsvert af fiskinum gat ekki að hans áliti talist 1. flokks vara, og að hann telur að áfrýjendur hafi reiknað sér hærra verð á nokkuru af fiskinum (stórfiski) heldur en þeir hafi haft heimild til.

Viðvíkjandi þyngd fisksins, þá telja áfrýjendur hann í reikningi sínum 143 skpd., en í farmskránum, sem fylgdu fisksendingunum til stefnda, var hann að eins talin 142 skpd., og virðist þessi síðari vikt á fiskinum, sem kemur heim við baggatöluna og þyngd þá, er hver baggi átti að hafa, eiga að leggjast til grundvallar sem hin rétta, hvað sem líður ágreiningnum um viktina að öðru leyti. En um hin rúm 7 skippundin er þess að geta, að það er ekki vefengt í málinu, að fiskurinn hafi getað haft þá þyngd, sem áfrýjendur telja hann með, er hann var afgreiddur frá áfrýjendunum eða fisktökustöðunum fyrir norðan, en fiskurinn var breiddur fleirsinnis eftir að hann kom suður, af því að hann þótti ekki nægilega þur, og hann var veginn fyrst eftir þurkunina, og hefir stefndi kannast við, að vel geti verið, að fiskurinn hafi við þurkinn lézt það, sem mismunurinn á viktinni nemur. Spurningin verður þá um það, hvort áfrýjendurnir sem umboðsmenn stefnda eigi að bera hallann af þeim mismun, en það leikur aftur á því, hvort þeim verði að því leyti gefin að sök vanræksla í umboðsrekstri sínum, að þeir hafi tekið svo illa þurkaðan fisk. En það verður eigi álitið. Fisktakan fór fram 1902 á sama hátt og fyrir meðalgöngu sömu manna og árin áður, og það

var svo að tilætlun stefnda og honum fullkunnugt. Áfrýjendur höfðu lagt fyrir fisktökumennina, að kaupa aðeins þann fisk og senda stefnda, er talin væri 1. flokks vara að þurk og gæðum, og þeir höfðu ekki tekið á sig frekari ábyrgð, enda varð ekki til þess ætlast, þar sem fiskurinn var mestallur afgreiddur beina leið til stefnda eftir ósk hans og með hans vitund. Fisktökumennirnir fylgdu einnig þessari fyrirskipun eftir því sem þeir hafa vitnað og aðrir menn ýmsir, er að fisktökunni unnu, og tóku aðeins þann fisk handa stefnda, er borgaður var hæsta verði þar á staðnum, og verður ekki áfrýjendunum um það kent, þótt menn þar nyrðra hafi eigi verið eins vandir að þurki á fiskinum, eins og stefndi hefði óskað, enda kannast stefndi við það (sbr. bréf hans 11. nóvbr. 1902), að breiða hafi þurft allan fisk, er hann fékk það sumar (1902) frá Norður- og Austurlandi, og að þetta hafi því verið almennur galli á fiski þaðan. Áfrýjendunum verður þannig eigi gefin sök á því, að fiskurinn var miður þur en skyldi, og þar sem þeir hafa orðið að greiða fyrir hann, í því ástandi er hann var keyptur, það verð, er stefndi hafði heimilað þeim, virðist stefndi eigi geta komist hjá að endurgjalda þeim það.

Það sem nú hefir verið tekið fram um þurkvöntun á fiskinum, á einnig að mestu leyti við, er ræðir um kvörtun stefnda yfir því, að fiskurinn hafi verið að miklu leyti lakari að gæðum en vera skyldi. Áfrýjendur lögðu, sem fyr segir, fyrir fisktökumennina að taka eigi annan fisk og senda stefnda en þann, er væri 1. flokks vara eða hæst borgaður þar á staðnum, og áfrýjendur hafa neitað því, að þeir hafi tekið að sér að útvega fisk eftir öðrum mælikvarða hvað gæði snertir en þeim, er menn

þar nyrðra þektu og voru vanir að meta fisk eftir, enda hafi fiskkaupin farið fram eftir honum árin áður og ekki verið að fundið. Og þar sem stefndi vill fella fiskinn í verði eða telja talsvert af honum 2. flokks fisk eftir mati fiskimatsmanna í Reykjavík — en nyrðra voru engir fiskimatsmenn til — þá verður eigi álitíð, að áfryjendurnir hafi þurft að láta sér það lynda, úr því að þeir gjörðu það er af þeim varð heimtað til að útvega stefnda bezta fisk, er svo var talinn þar nyrðra, og greiddu fyrir verð það, er þar var algengt, og eigi hærra en það, er stefndi hafði lofað að greiða fyrir bezta fisk þaðan.

Það er komið fram í málinu, að eftir að stefndi hafði látið í ljósi nokkura óánægju með fyrstu fisksendinguna, þá leituðu áfryjendur fyrir sér hjá umboðsmanni stefnda, er var í fiskútvegum fyrir hann um Norðurland, um það, hvort þeir ættu að senda meira af fiski þeim, er þeir höfðu fest kaup á handa stefnda, og gátu þess, að þeir gætu selt hann öðrum fyrir sama verð, en hann kvað þá skyldu senda stefnda fiskinn og myndi hann borga hann eins og að undanfögnu, en hann brýndi aðeins fyrir þeim að fiskurinn yrði að vera 1. flokks vara, er metin væri svo á Norðurlandi.

Þá hefir stefndi haldið því fram, að áfryjendur hafi reiknað nokkuð af fiskinum (stórfiskinn) hærra verði en þeir hafi haft heimild til, eða á 52 kr. skpd. í stað 51 kr. 20 aur., og munar þetta í reikningnum 35 kr. 95 aur. Stefndi nefnir nú að vísu þetta síðartalda verð í bréfi, dags. 22. ágúst 1902, til áfryjendanna, en þetta bréf fengu eigi áfryjendur fyr en eftir að þeir höfðu keypt eða fest kaup á öllum eða mestöllum fiskinum. Og þegar auk þess er litið á það, að 1901 var verðið

á stórfiski 52 kr. og þó þá lægra á öðrum fiski, og eins hitt, að 52 kr. virðist hafa verið verð á þessari tegund saltfisks fyrir norðan 1902, þá verður eigi álitnið, að áfrýjendur hafi í þessu efni farið út fyrir umboð sitt.

Samkvæmt því, er að framan hefir verið tekið fram, virðist eiga að taka til greina kröfu áfrýjendanna að öðru leyti en því, að dregið sé verð 1 skpd. af stórfiski frá kröfu þeirra, eða 52 krónur, og er þá lögð til grundvallar skippundatala fisksins eftir farmskránum, er fylgdu fisksendingunum til stefnda. Ber því að dæma stefnda til að greiða áfrýjendunum 733 kr. 02 aur. með 6% vöxtum eins og fyr segir. Málskostnaður virðist eiga að falla niður fyrir báðum réttum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Ásgeir kaupmaður Sigurðsson greiði áfrýjendunum, kaupmönnum Kolbeini Árnasyni og Ásgeiri Péturssyni, 733 kr. 02 aur. með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. dag. nóvembermánaðar.

No. 35/1907:

Réttvísinn  
gegn

Kristjáni Hallbirni Kristjánssyni.

D ó m u r:

Ákærði Kristján Hallbjörn Kristjánsson frá Asgerðarseli í Eyjafjarðarsýslu, sem er fæddur 2. ágúst 1888, var